

Fundargerð aðalfundar Arion banka hf.

Aðalfundur Arion banka hf. var haldinn í höfuðstöðvum bankans miðvikudaginn 13. mars 2024 og hófst fundurinn kl. 16:00. Gafst hluthöfum enn fremur kostur á að taka þátt í fundinum eingöngu með rafrænum hætti.

Setning fundar

Fundurinn hófst með því að Brynjólfur Bjarnason, stjórnarformaður Arion banka hf., bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Lagði hann því næst til að Guðbjörg Helga Hjartardóttir lögmaður yrði kjörin fundarstjóri og bárust ekki athugasemdir. Tók Guðbjörg þá við fundarstjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði því næst til að Hrafnhildur Árnadóttir, lögfræðingur í lögfræðiráðgjöf Arion banka hf., yrði kjörin fundarritari og bárust ekki athugasemdir. Tók fundarritari þá þegar við fundarritun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Tók hann fram að boðun fundarins hefði verið með nægilegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 88. gr. a. laga um hlutafélög og ákvæði samþykka bankans. Fundarboð hefði verið birt í upplýsingakerfi Nasdaq sem og á heimasíðu bankans hinn 20. febrúar 2024. Þá hefði boðun til fundarins einnig verið birt í dagblaði á Íslandi og Svíþjóð hinn 21. febrúar 2024. Tillögur sem væru til umfjöllunar á fundinum, ásamt skýringum við þær, hefðu verið birtar á vefsíðu bankans og eftir atvikum í upplýsingakerfi Nasdaq, auk þess sem þær hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans væru.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fundurinn væri aðalfundur vegna rekstrarársins 2023.

Þá fór fundarstjóri stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, að hún væri rafræn og færi einungis fram með rafræna kosningakerfinu Lumi AGM. Var enn fremur tekið fram að hluthöfum, eða umboðsmönnum þeirra, gæfist kostur á senda inn fyrirspurnir og athugasemdir með rafrænum hætti í gegnum kerfið.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. **Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta reikningsári**
2. **Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið reikningsár**
3. **Ákvörðun um greiðslu arðs**
4. **Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar**
5. **Kosning endurskoðunarfélags**
6. **Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar**
7. **Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
8. **Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
9. **Kosning eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans**
10. **Tillaga að breytingum á starfskjarastefnu bankans**
11. **Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**
12. **Tillögur að breytingum á samþykktum bankans**
13. **Önnur mál**

Fundarstjóri lagði til að dagskrárlíðirnir skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið starfsár, þ.e. liðir 1 og 2, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu á ársreikningi. Enginn hreyfði andmælum við því. Fundarstjóri upplýsti jafnframt að ársskýrsla bankans og áhættuskýrsla bankans væru aðgengilegar á rafrænu formi á vef bankans.

1. Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta reikningsári

Brynjólfur Bjarnason, stjórnarformaður Arion banka hf., tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðastliðnu reikningsári. Brynjólfur upplýsti hluthafa, líkt og áður hefði komið fram í tilkynningu bankans, að hann hefði ákveðið að gefa ekki áframhaldandi kost á sér til stjórnarsetu í Arion banka hf. eftir að hafa setið í stjórn bankans í áratug. Hann þakkaði hluthöfum bankans fyrir traustið sem honum hefði verið sýnt síðasta áratuginn. Þá þakkaði hann starfsfólki bankans, stjórn bankans og Benedikt Gíslasyni, bankastjóra, fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf undanfarin ár.

Fundarstjóri upplýsti að 140 hluthafar eða fulltrúar þeirra væru mættir á fundinn sem samtals færu með 1.449.412.105 atkvæði sem næmi 62,38% hlutafjár í Arion banka hf.

2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka hf., gerði grein fyrir ársreikningi bankans fyrir síðastliðið starfsár. Þá þakkaði hann Brynjólfi Bjarnasyni, fráfaramandi stjórnarformanni, fyrir samstarfið.

Að lokinni ræðu bankastjóra gaf fundarstjóri hluthöfum tækifæri á að tjá sig í tengslum við ársreikning bankans og skýrslu stjórnar.

Engar fyrirspurnir eða athugasemdir bárust.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að ársreikningur bankans og samstæðureikningur vegna ársins 2023 verði samþykktur.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs

Fundarstjóri fór yfir eftirfarandi tillögu stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur 9,0 kr. á hlut, sem jafngildir um 13 milljarða króna, að teknu tilliti til eigin bréfa bankans.

Ef tillaga um arðgreiðslu verður samþykkt verður arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, 14. mars 2024.

Arðsréttindadagur (e. record date) verður 15. mars 2024. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs.

Útborgunardagur (e. payment date) verður 21. mars 2024.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar

Fundarstjóri tók fram, að samkvæmt lögum og samþykktum bankans, bæri að kjósa stjórn á aðalfundi bankans. Samkvæmt samþykktum bankans skyldi aðalstjórn bankans skipuð 5-8 mönnum og varastjórn allt að þremur, en fundarstjóri tjáði fundarmönnum að stjórn bankans hefði ákveðið að kosningu stjórnar bankans yrði þannig háttáð að aðalstjórn yrði skipuð fimm einstaklingum og varastjórn tveimur.

Fram kom í máli fundarstjóra að samkvæmt samþykktum bankans skuli þeir sem hyggjast gefa kost á sér í aðalstjórn bankans tilkynna um framboð sitt til stjórnar bankans eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í aðalstjórn bankans:

- Gunnar Sturluson
- Guðrún Johnsen
- Kristín Pétursdóttir
- Liv Fiksdahl
- Paul Horner
- Peter Franks
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

Fundarstjóri tók fram að upplýsingar um frambjóðendur, sem veita ber samkvæmt 63. gr. a. laga um hlutafélög, þ.e. nafn, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila bankans hefðu komið fram í skýrslu tilnefningarnefndar, sem hefði verið birt á heimasíðu félagsins.

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði í skýrslu sinni lagt til að Paul Horner, Kristín Pétursdóttir, Gunnar Sturluson, Liv Fiksdahl og Steinunn Kristín Þórðardóttir yrðu kjörin í aðalstjórn bankans.

Þá fór fram stjórnarkjör. Fundarstjóri tók fram að kosningin færi fram sem meirihlutakosning í samræmi við samþykktir bankans.

Fundastjóri bað hluthafa því næst að merkja við nöfn þeirra fimm frambjóðenda sem þeir vildu greiða atkvæði sitt.

Að lokinni atkvæðagreiðslu gerði fundastjóri grein fyrir niðurstöðu hennar. Niðurstaðan var sú að:

- Kristín Pétursdóttir hlaut 844.121.088 atkvæði.
- Paul Horner hlaut 843.904.360 atkvæði.
- Gunnar Sturluson hlaut 843.866.279 atkvæði.
- Liv Fiksdahl hlaut 843.723.978 atkvæði.
- Steinunn Kristín Þórðardóttir hlaut 843.656.863 atkvæði.
- Guðrún Johnsen hlaut 274.119 atkvæði.
- Peter Franks hlaut 230.624 atkvæði.

Kristín Pétursdóttir, Paul Horner, Gunnar Sturluson, Liv Fiksdahl og Steinunn Kristín Þórðardóttir voru því rétt kjörin í stjórn bankans.

Þá var komið að kjöri stjórnarformanns bankans.

Fundarstjóri nefndi að tilnefningarnefnd hefði lagt til að Paul Horner yrði kjörinn formaður stjórnar. Fór því næst fram kosning stjórnarformanns úr hópi aðalmanna í stjórn. Var Paul Horner kjörinn formaður stjórnar bankans.

Loks fór fram kosning varaformanns stjórnar.

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd legði til að Kristín Pétursdóttir yrði kjörin varaformaður stjórnar. Fór því næst fram kosning varaformanns stjórnar úr hópi aðalmanna í stjórn,

að nýkjörnum stjórnarformanni undanskildum. Var Kristín Pétursdóttir kjörin varaformaður stjórnar bankans.

Því næst var komið að kosningu í varastjórn bankans.

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt samþykktum bankans skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í varastjórn bankans tilkynna um framboð sitt til varastjórnar eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í varastjórn:

- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Einar Hugi Bjarnason

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði lagt til að þau Sigurbjörg Ásta og Einar Hugi yrðu kjörin í varastjórn.

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til varastjórnar bankans hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar sjálfkjörin í varastjórn bankans, án þess að það kæmi til sérstakrar kosningar.

Í stjórn Arion banka sitja því nú:

- Kristín Pétursdóttir
- Gunnar Sturluson
- Liv Fiksdahl
- Paul Horner
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

og varamenn eru:

- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Einar Hugi Bjarnason

5. Kosning endurskoðunarfélags

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að Deloitte ehf. verði kjörið til að halda áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi bankans fram að næsta aðalfundi. Byggir sú tillaga á samningi milli Arion banka og Deloitte ehf. frá desember 2021 og 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykkis fundarins og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Fundarstjóri greindi frá því að eftirfarandi tillaga stjórnar um þóknun stjórnarmanna, nefndarmanna í undirnefndum stjórnar, og varamanna stjórnar hefði verið lögð fram:

Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði 565.000 kr., mánaðarlaun varaformanns verði 847.500 kr. og mánaðarlaun stjórnarformanns verði 1.130.000 kr. Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu auk þess fá greiddar 365.000 kr. fyrir hvern stjórnarfund sem þeir sækja í persónu.

Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í undirnefndum stjórnar 235.000 kr. í mánaðarlaun fyrir hverja nefnd og formönnum stjórnarnefnda 352.500 kr. í mánaðarlaun.

Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði 565.000 kr. á ári. Auk þess skulu varamenn stjórnar fá greiddar 282.500 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, en þó aldrei meira en 565.000 kr. á mánuði.

Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá ofangreindar fjárhæðir greiddar í viðeigandi heimagjaldmiðli, miðað við meðaltal opinbers viðmiðunargengis síðustu þriggja ára fyrir aðalfundardag 2024.

Fundarstjóri tók fram að í greinargerð stjórnar með tillögum væri vísað til skýrslu tilnefningarnefndar bankans, enda byggðist tillagan á tillögum tilnefningarnefndar. Fundarstjóri rakti stuttlega úr skýrslu tilnefningarnefndar varðandi tillöguna.

Var hluthöfum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna, en enginn tók til máls. Voru atkvæði því næst greidd um tillöguna og var hún samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

7. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri lýsti að fyrir fundinum lægi eftirfarandi tillaga stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði fast tímagjald sem nemur 27.500 kr.

Var hluthöfum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna, en enginn tók til máls. Voru atkvæði því næst greidd um tillöguna og var hún samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri gerði hluthöfum grein fyrir því að samkvæmt þessum lið stæði til að kjósa tvo af þremur nefndarmönnum í tilnefningarnefnd, í samræmi við samþykktir bankans og starfsreglur tilnefningarnefndar. Þriðji nefndarmaðurinn skyldi vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður sem skipaður yrði af stjórn bankans.

Fundarstjóri kynnti hluthöfum því næst nöfn frambjóðenda og voru þeir eftirtaldir:

- Auður Bjarnadóttir
- Júlíus Þorfinnsson

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til tilnefningarnefndar hefðu ekki komið fram væru framangreindir aðilar sjálfkjörnir í tilnefningarnefnd.

9. Kosning eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans

Fundarstjóri tók fram að um væri að ræða nýjan dagskrárlið á aðalfundi bankans, en hann leiddi af nýlegum breytingum á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, þar sem m.a. væri kveðið á um að væri nefndarmaður utanaðkomandi aðili skyldi hann tilnefndur af aðalfundi.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar bankans þess efnis að Heimir Þorsteinsson, kt. 200670-3889, yrði kjörinn í endurskoðunarnefnd bankans, en tekið var fram að Heimir hefði að undanfögnu átt sæti í nefndinni.

Var hluthöfum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna, en enginn tók til máls. Því næst voru atkvæði greidd um tillöguna og var hún samþykkt einróma.

10. Tillaga stjórnar um breytingu á starfskjarastefnu bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans:

Stjórn bankans leggur til breytingar á starfskjarastefnu bankans. Í fyrsta lagi er lagt til að starfskjarastefnunni verði breytt til samræmis við gildandi lagakröfur er snúa að innleiðingu á ákvæðum laga nr. 25/2023, um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, sem innleiddu í íslensk lög ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 2019/2088 („SFDR“). Samkvæmt 5. gr. SFDR ber bankanum að lýsa í starfskjarastefnu sinni hvernig hún samræmist innfellingu áhættu tengdri sjálfbærni. Í öðru lagi er gerð tillaga að breytingum á I. kafla starfskjarastefnunnar, til að tryggja frekara samræmi við ákvæði 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Loks er lagt til að skipt verði út orðinu „starfsmenn“ fyrir „starfsfólk“ í texta starfskjarastefnu, þar sem við á, til að gæta frekar að kynhlutleysi. Á sú breyting eingöngu við um íslenska útgáfu starfskjarastefnunnar.

Fundarstjóri tók fram að drög að uppfærðri starfskjarastefnu, ásamt greinargerð, hefðu legið fyrir á heimasíðu félagsins.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykkis fundarins og var hún samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

11. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga um endurnýjun heimildar stjórnar til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum:

Stjórn bankans leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt. Jafnframt er lagt til að verði tillagan samþykkt verði heimildarinnar getið í viðauka nr. 1 við samþykktir bankans, í stað núverandi viðauka nr. 1 sem fellur niður og skal viðaukinn vera hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi í sbr. grein 7.1 samþykktu bankans. Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur Arion banka hf. haldinn 13. mars 2024 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans eigin hluti, þannig að félagið og dótturfélög eigi samanlagt allt að 10% af hlutafé bankans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem bankinn eignast á grundvelli heimildar þessarar má m.a. nota í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum, sem gerðir eru á milli félagsins og starfsfólks þess, sem og til greiðslu kaupauka, í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi bankans. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrir fram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, hafi verið veitt.

Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2025 en hafi hann ekki farið fram 13. september 2025 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar. Slík afturköllun skal þó ekki hafa áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann dag.“

Fundarstjóri las greinargerð stjórnar með tillögunni. Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillöguna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

12. Tillögur að breytingum á samþykktum bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrir fundinum lægju tillögur að breytingum á samþykktum bankans. Tillögurnar væru tilkomnar vegna annars vegar nýlegra breytinga á lögum um ársreikninga og hins vegar tilmæla skilavalds Seðlabanka Íslands og væru breytingartillögurnar svohljóðandi:

- (a) *Að eftirfarandi bætist við grein 16.2, sem nýr liður (ix) (númer síðari liða uppfærast til samræmis):*

„Kosning eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins, ef við á.“

- (b) *Að ný 24. gr. bætist við og verði svohljóðandi (númer eftirfarandi greina uppfærast til samræmis):*

24 Útgáfa gerninga í tengslum við skilaaðgerðir

„Félagið hefur heimild til útgáfu viðeigandi fjölda nýrra gerninga sem teljast til almenns eiginfjárfáttar 1, samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem eru fullnægjandi til þess að framfylgja ákvörðun skilavalds Seðlabanka Íslands skv. VI. kafla laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja eða eftirgjöf skv. 54. og 55. gr., sbr. E-hluta X. kafla sömu laga. Skulu ákvæði greina 3.1 og 3.6 samþykktá þessara um tilskilið samþykki hluthafa fyrir hækkun og lækkun hlutafjár, og ákvæði 3.2 um forgangsrétt hluthafa, ekki gilda um breytingar á hlutafé samkvæmt þessari 24. gr. Ákvæði greinar 2.1 samþykktá þessara, um hlutafé félagsins, skal jafnframt uppfært án tafar til að endurspeglar breytingar á hlutafé samkvæmt þessari grein og krefst ekki frekara samþykkis hluthafa.“

- (c) *Að ákvæði 25. gr. (áður 24. gr.) breytist og verði svohljóðandi:*

„Um slit félagsins, samruna þess við önnur félög eða skiptingu þess í tvo eða fleiri lögaðila skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og annarra laga eftir því sem við á. Ákvörðun um slíkar ráðstafanir verður aðeins tekin á hluthafafundi með sama atkvæðamagni og þarf til breytingar á samþykktum þessum.“

- (d) *Að ákvæði 26. gr. (áður 25. gr.) breytist og verði svohljóðandi:*

„Þar sem ákvæði samþykktá þessara segja ekki til um hvernig með skuli fara, skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 70/2020 um slitameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja eins og þau eru á hverjum tíma, auk annarra ákvæða laga, eftir því sem við getur átt.“

Fundarstjóri las stuttlega úr greinargerð stjórnar með tillögunni. Fundarstjóri tók fram að drög að uppfærðum samþykktum hefðu legið fyrir á heimasíðu félagsins, sem og skjal sem sýndi fyrirhugaðar breytingar með skýrum hætti.

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillögurnar. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Fundarstjóri lagði til að kosið yrði um tillögurnar í heild. Engin andmæli bárust. Var því næst gengið til atkvæða um tillögurnar. Voru tillögurnar samþykktar með tilskildum meirihluta atkvæða.

13. Önnur mál

Fundarstjóri gaf stjórn bankans og fulltrúum hluthafa kost á að bera fram frekari fyrirspurnir eða athugasemdir.

Paul Horner, nýkjörinn stjórnarformaður bankans, tók til máls og þakkaði fundarmönnum fyrir stuðninginn.

Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust og engin önnur mál voru tekin fyrir.

Þá var fundarmönnum boðið að hlýða á upplestur fundargerðar, kysu þeir svo. Enginn hluthafi óskaði eftir upplestri eða gerði athugasemdir við að fundarstjóri og fundarritari gengju frá fundargerð fundarins.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:40.

Undirritunarsíða

Fundarritari
Hrafnhildur Árnadóttir

Fundarstjóri
Guðbjörg Helga Hjartadóttir